

# Bláfánahöfn á Suðureyri



Hafnir Ísafjarðarbær

Port of Ísafjörður

+354 450 80 80 www.isafjordur.is/hofn

66°07' 53" N / 23°32' 23" W



Bláfáninn er alþjóðleg umhverfsvottun sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjálfbærri sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum. Meginmarkmið verkefnisins er að vernda haf- og strandsvæði, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund.



Til að hljóta Bláfánann þurfa rekstraraðilar að:

- vinna markvisst að því að bæta umhverfi hafnarinnar
- bjóða upp á fræðslu um umhverfið
- sjá til þess að höfn sé snyrtileg og sjórinn hreinn
- bjóða upp á þrifleg salerni og þvottaaðstöðu
- sjá til þess að höfnin sé vel lýst og bátar hafi aðgang að vatni og rafmagni
- hafa slökkvitæki, björgunar- og skyndihjálparbúnað tiltækan við höfnina
- bjóða upp á ílát til að flokka úrgang, s.s. endurvinnanlegt sorp, olíu og önnur spilliefni

## Umgengnisreglur hafnarinnar

Notendur hafnarinnar eru vinsamlegast beðnir að:

- sýna aðgát á viðkvæmum svæðum sem njóta verndar
- forðast umferð um friðuð svæði á sjó og í grennd við höfnina
- losa spilliefni og olíuúrgang í þar til gerð ílát
- nota ruslagáma og flokka endurvinnanlegt sorp
- losa aldrei úrgang og safntanka fyrir skólp í höfnina
- losa bátaskólp í þar til gerða safntanka/dælubíla
- nota vistvænar vörur í daglegu starfi og til viðhalds á bátum



## Neyðarsími 112

## Öryggi við höfnina

Öryggi þitt við höfnina er best að tryggja með því að:

- leggja á minnið staðsetningu slökkvitækja og björgunarbúnaðar
- huga að eldhættu og varast að tendra opinn eld nálægt eldsneyti
- draga úr siglingahraða innan hafnarinnar
- klæða börn ætíð í björgunarvesti
- stunda ekki sjósund í höfninni
- stýra aldrei bát undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

## Saga Suðureyrar

Sjávarþorpið Suðureyri stendur við Súgandafjörð, sem er nyrstur svokallaðra Vesturfjarða á Vestfjarðakjálkanum. Fjörðurinn er langur og þorpið stendur yst í honum að sunnanverðu og stendur Suðureyri ásamt Bolungarvík á elsta bergi Íslands. Suðureyri er hluti af Ísafjarðarbæ sem m.a. er myndaður af þorpunum Þingeyri við Dýrafjörð og Flateyri við Öndurfjörð, auk Ísafjarðar, sem stendur við Skutulsfjörð í Ísafjarðardjúpi. Árið 1996 voru fyrrnefnd byggðarlög í Ísafjarðarbæ tengd saman með jarðgöngum, sem eru samtals um tíu kílómetrar að lengd. Strandlengja Vestfjarða er u.þ.b. einn þriðji hluti af allri strandlengju Íslands eða um 2.000 km. að lengd.

Upphaf fastrar byggðar á Suðureyri við Súgandafjörð má rekja til aldamótanna 1900 þegar fyrsta húsaþyrpingin myndaðist. Samgöngur við Suðureyri voru þá nánast eingöngu bundnar skipaferðum. Á þessum árum kom sér vel að eiga jörð, sem var í senn hentug til sauðfjárbúskapar og sjóróðra. Nálægðin við gjöful fiskimið hefur gert Suðureyri að eftirsóknarverðum útgerðarstað.

Mikil breyting hefur orðið á íslenskum fiskiskipum í eitt-hundrað ár.

Fyrst voru það árabátar, síðar vélbátar, þilskip, stálskip og togarar og í dag er á Suðureyri fyrst og fremst um svokallaða hraðfiskibáta að ræða, sem eru fljótt í ferðum og koma með úrvals hráefni að landi. Þessir bátar eru hagkvæmir í rekstri og veiðarfæri þeirra skemma ekki fiskimiðin.



LANDVERND  
ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION

*Landvernd* hefur umsjón með Bláfánanum á Íslandi og innleiddi verkefnið hér á landi árið 2002. Landvernd eru frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Sjá nánar um Bláfánann á

[landvernd.is/blafaninn](http://landvernd.is/blafaninn) eða [bluefelag.global](http://bluefelag.global)

# Blue Flag Marina Suðureyri



Hafnir Ísafjarðarbær

Port of Ísafjörður

+354 450 80 80 www.isafjordur.is/hofn

66°07' 53" N / 23°32' 23" W



The Blue Flag programme promotes sustainable development in freshwater and marine areas. It challenges local authorities and beach operators to achieve high standards in water quality, environmental management, environmental education and safety. Over the years, the Blue Flag programme has become a highly respected and recognised eco-label working to bring together the tourism and environmental sectors at local, regional and national levels.




**To achieve the blue flag, the marina must fulfill the following criteria:**

- Work active towards a better environment of the harbor
- Participate in environmental education
- Keep the harbor and the ocean clean
- Provide clean and state of the art facilities
- Provide fresh water and electricity for the boats
- Waste management according to regulations
- Easy accessible rescue and spill equipment

## Code of conduct

- Use of the reception facilities for hazardous waste / oil waste, etc.
- Use of the garbage containers / litter bins / waste recycling facilities
- Respect for sensitive protected natural areas
- Use of the boat-repairing and washing areas according to the prescriptions
- Prohibition of emptying litterbins, toilet tank waste, etc. into the marina, sea or along the coast
- Use environmentally friendly products in your everyday live



**In case of emergency call: 112**

## Safety in the blue flag marina

Your safety in the harbor is the most by following these rules:

- Get to know the places of the safety and spill equipment
- No open fire in the harbor area
- Adjust your sailing speed in the harbor
- Use life vests
- Do not swim in the harbor
- Do not steer boats under influence of alcohol or other drugs

## History of Suðureyri

Sudureyri is a fishing village situated at the mouth of Súgandafjörður, one of the most westerly fjords on the Westfjords peninsula. The village is located on the southern shore of the long fjord, and like its close neighbour Bolungarvík, it is built on some of the oldest rock in Iceland. Sudureyri is part of the Ísafjardarbær Municipality, a group of communities including Thingeyri in Dýrafjörður, Flateyri in Öfundarfjörður, and Ísafjörður, which is situated in Skutulsfjörður on Ísafjardardjúp Bay. These communities are connected through a series of road tunnels that were opened in 1996. Their combined road length is 10km. The coastline of the Westfjords stretches for ~2,000 km - one third of the shoreline of Iceland.

The first permanent buildings in Sudureyri in Súgandafjörður were erected at the start of the last century, around 1900. For communication, the village was then almost entirely dependent on ships. Sudureyri's closeness to rich fishing grounds has made the village a popular base for fishing boats.

Icelandic fishing vessels have changed enormously over the last 100 years. At first there were rowing boats, then motor boats, decked boats, steel ships and trawlers. Today, Sudureyri is a base for "speedboat" fishermen who sail quickly out to sea and return to land with fresh, high-quality catches. The boats they use are efficient and safe when operated and their fishing gear does not damage the seabed.



**LANDVERND**

ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION

*Landvernd, the Icelandic Environment Association, is a national environmental non-governmental organisation and has introduced the Blue Flag programme in Iceland 2002. Further information about the Blue Flag is available on [landvernd.is](http://landvernd.is) or [blueflag.global](http://blueflag.global)*